

Ed.

477. Frumvarp til laga

[231. mál]

um breytingu á lögum nr. 63 16. apríl 1971 um eftirlaun til aldraðra í stéttarfélagum.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

Í 3. gr. laganna komi ný málsgrein, er verði 1. málsgrein og orðist svo:

Nú verður félagi, er unnpfyllir skilyrði a- og b-liðar 2. gr., eftir árslok 1971 fyrir orkutapi, sem metið er 40% eða meira og veitir honum rétt til örorkulífeyris úr lífeyrissjóði, og á hann þá rétt á örorkulífeyri samkvæmt ákvæðum 7. gr.

2. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Eftirlaun skiptast í ellilífeyri, örorkulífeyri og makalífeyri.

Fjárhæð ellilífeyris er hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna næstu 5 almanaksárin, áður en taka lífeyris hefst, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem félaginn hefur áunnið sér, margfölduðum með 1,8. Aldrei skal þó reikna með færri stigum en 5.

Fjárhæð örorkulífeyris, miðað við 100% örorku, reiknast á sama hátt og ellilífeyrir með þeirri breytingu, að auk áunninna stiga skal reikna þau stig, sem ætla má, að félaginn hefði áunnið sér fram til 70 ára aldurs, miðað við meðaltal stiga þrjú síðustu almanaksárin, áður en hann varð örvrki. Sé orkutap minna en 100%, greiðist örorkulífeyrir í hlutfalli við orkutapið. Örorkulífeyrir fellur niður við 70 ára aldur. Reiknast þá ellilífeyrir í samræmi við þann stigafjölda, sem örorkulífeyrir miðast við.

Fjárhæð makalífeyris er hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna næstu 5 almanaksárin, áður en taka lífeyris hefst, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem félaganum var reiknaður, að viðbættum 5 stigum. Falli félagi frá, áður en hann nær 76 ára aldri, skal auk áunninna stiga reikna þau stig, sem ætla má, að hann hefði áunnið sér fram til 70 ára aldurs, miðað við meðaltal stiga þrjú síðustu almanaksárin, áður en hann féll frá.

Verði það þrjú ára meðaltal stiga, sem um ræðir í 3. og 4. málsg., talið óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis, er heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári, sem lakast er.

Maður getur notið samtímis makalífeyris og elli- eða örorkulífeyris samkvæmt lögum þessum, enda sé heildarfjárhæð eftirlauna eigi hærri en sem svarar fjárhæð ellilífeyris fyrir 20 áunnin stig.

3. gr.

Aftan við 14. gr. laganna komi ákvæði til bráðabirgða, er orðist svo:

Lífeyrisþegum, er eiga samkvæmt lögum þessum og tilheyrta lífeyrissjóðum, sem II. kafli samkomulags Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna frá febrúar 1976 um lífeyrissjóðamál tekur til, skal árin 1976 og 1977 greidd sérstök uppbót umfram það, sem kveðið er á um í 8. gr., þannig að lífeyrisréttur miðist við grundvallarlaun samkvæmt 1. mgr. 6. gr., eins og þau eru samkvæmt kaup-taxta í byrjun og um mitt hvors þessara ára um sig, í stað 5 ára meðaltals. Umsjónarnefnd eftirlauna reiknar uppbót þessa. Gjöld til uppbótargreiðslna þessara skulu borin af hlutaðeigandi lífeyrissjóðum með þeim hætti, að hver sjóður, sem aðild á að ofangreindu samkomulagi og undirritar samstarfssamning lífeyrissjóða þar að lútandi, skal leggja fram 4% af iðgjaldatekjum sínum hvort árið um sig. Umsjónarnefnd eftirlauna skal áætla iðgjaldatekjur sjóðanna og ákveða framlög og gjalddaga þeirra. Umsjónarnefndin annast jafnframt skiptingu fjárens milli sjóðanna í hlutfalli við áætlaðar viðbótargreiðslur hvers þeirra vegna greiðslu hinnar sérstöku uppbótar. Það sem á kann að skorta, að framlög af iðgjaldatekjum hrökkvi til þess að greiða þessa sérstöku uppbót, leggur hver sjóður til vegna sinna félaga. Umsjónarnefnd eftirlauna skal annast uppgjör milli sjóðanna eftir lok hvors árs. Um nánari framkvæmd þessara ákvæða skal fara eftir reglum, sem umsjónarnefnd eftirlauna setur og ráðherra staðfestir.

Lífeyrishækkunar, greiddar árin 1976 og 1977 af lífeyrissjóðum, er standa utan við samkomulag það, sem nefnt er í 1. málsgr., skulu ekki koma til frádráttar greiðslum samkvæmt lögum þessum, enda sé um að ræða hækkunar, sem ekki er skylt að greiða samkvæmt lögum eða reglugerð hlutaðeigandi lífeyrissjóðs og eru að dómi umsjónarnefndar eftirlauna hliðstæðar uppbótargreiðslum samkvæmt 1. málsgr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. og 2. gr. um örorkulífeyri gilda frá 1. janúar 1976.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Einn háttur í lausn hinnar almennu kjaradeilu í febrúarmánuði sl. var samkomulag Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna um málefni lífeyrissjóða. Í samkomulagi þessu er m. a. gert ráð fyrir, að lífeyrissjóðir á samningssviði þessara samtaka ásamt nokkrum öðrum lífeyrissjóðum taki að sér að veita lífeyrisþegum sínum, sem rétt eiga samkvæmt lögum nr. 63 1971 um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, sérstaka uppbót árin 1976 og 1977, þannig að lífeyrisgreiðslur þessar verði betur verðtryggðar en hingað til. Forsenda þessa samkomulags er sú breyting á nefndum lögum, sem í frumvarpi þessu felst.

Auk ofangreindrar uppbótar, sem lífeyrissjóðunum sjálfum er ætlað að standa straum af samkvæmt sérstökum reglum, er í samkomulaginu gert ráð fyrir, að öldruðum félögum stéttarfélaga, sem verða öryrkjar, verði tryggður lífeyrisréttur að uppfylltum tilteknum skilyrðum, svipuðum þeim, er gilda um elli- og makalífeyri, en hingað til hafa lögin einungis tekið til þessara tveggja hótategunda.

Útgjöld samkvæmt núgildandi lögum eru áætluð 208 millj. kr. árið 1976, og ber atvinnuleysistryggingasjóður $\frac{3}{4}$ útgjaldanna, en ríkissjóður $\frac{1}{4}$. Með samþykkt frumvarps þessa mundu útgjöld þessara aðila vaxa lítillga vegna hinna nýju ákvæða um örorkulífeyri, og sennilega hafa breytingarnar það einnig í för með sér, að menn leita réttar síns fyrr en áður og nýjar umsóknir berast frá mönnum, sem ekki hafa haft fulla vitneskju um rétt sinn. Áætlað hefur verið, að útgjöld til uppbótargreiðslna, sem lífeyrissjóðunum er ætlað að bera samkvæmt frumvarpi þessu, geti numið um 250 millj. kr. 1976.

Sem dæmi um hækkun lífeyrisgreiðslna, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, skal tekinn ellilífeyrisþegi, sem fengið hefur reiknuð 18 stig samkvæmt 6. gr. laganna. Miðað við núgildandi ákvæði hækkaði mánaðargreiðsla til slíks manns úr 7 087 kr. í 9 213 kr. 1. janúar sl., en að meðtalinni hinni sérstöku uppbót, sem hér er gert ráð fyrir, verður lífeyrir 16 949 kr. á mánuði fyrri helming þessa árs og hækkar síðan 1. júlí.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Fyrstu örorkulífeyrisþegar hinna almennu lífeyrissjóða verkalýðsfélaga, sem tóku til starfa árið 1970, öðluðust lífeyrisrétt á árinu 1972. Þeir, sem hingað til hafa öðlast slíkan rétt, eiga að sjálfsögðu skamman réttindatíma að baki, og margir eiga enn fremur skamman tíma eftir til ellilífeyrisaldurs og þar með lítil heildarrettindi. Með ákvæðum þessarar greinar eru slíkum lífeyrisþegum veitt réttindi aftur til 55 ára aldurs með sama hætti og ellilífeyrisþegum, og samkvæmt 3. málsg. 2. gr. skal ellilífeyrir ákveðinn þannig, þegar þar að kemur, að tími frá orkutapi til 70 ára aldurs reiknast til réttindatíma.

Um 2. gr.

Breytingar, sem í grein þessari felast, eru bein afleiðing af ákvæðum 1. gr. Í 5. málsg. felst auk þess nokkur rýmkun á reglum um áætlun stiga fram í tímann í sambandi við makalífeyri.

Um 3. gr.

Ákvæði greinarinnar um áðurnefnda uppbót fyrir árin 1976 og 1977, skiptingu útgjalda milli lífeyrissjóða og framkvæmd eru í samræmi við samstarfssamning lífeyrissjóða, sem gera skal samkvæmt áðurnefndu samkomulagi. Ákvæði síðari málsgreinarinnar taka til lífeyrissjóða, sem ekki gerast aðilar að samstarfssamningnum, en taka ákvörðun um hækkun lífeyrisgreiðslna til félaga sinna frá því, sem þær voru í árslok 1975, enda sé ekki skylt að veita slíka hækkun samkvæmt lögum eða reglugerð hlutaðeigandi lífeyrissjóðs. Er gert ráð fyrir, að uppbætur af þessu tagi, hliðstæðar uppbót samkvæmt samstarfssamningnum, valdi ekki skerðingu eða niðurfalli núverandi greiðslna samkvæmt lögum nr. 63 1971, sbr. 9. gr. laganna.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.